



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti  
Guðjón Axel Guðjónsson  
Arnarhvoli  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. september 2006  
Tilvísun: 2006080016  
Bréfalykill: 50.4.3

## **Efni: Umsögn um rannsóknarleyfi á jarðhita á Fremrinámasvæðinu í landi Reykjahlíðar**

Með bréfi dags. 18. ágúst 2006 óskar iðnaðarráðuneytið eftir umsögn Orkustofnunar um rannsóknarleyfi á jarðhita á Fremrinámasvæðinu í landi Reykjahlíðar. Landeigendur Reykjahlíðar ehf., sem er félag eigenda jarðarinnar Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi, tilkynna þá ætlan sína að hefja rannsóknir í samvinnu við aðra, með nýtingu í huga, á jarðhitasvæði kenndu við Fremrináma. Jafnframt er óskað eftir leyfi iðnaðarráðherra til leitar og rannsókna og fyrirheiti um forgang að nýtingarleyfi, en þetta tvennt þarf að fylgjast að skv. ákvæðum 1.mgr. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (57/1998). Jafnframt er óskað eftir heimild ráðherra til að framselja viðkomandi leyfi til félags sem Landeigendur Reykjahlíðar ehf kynnu að vilja stofna.

Með lögum um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, var afnumin heimild ráðherra til að veita fyrirheit um nýtingarleyfi. Þau lög voru samþykkt á Alþingi 1. febrúar 2006, og tóku því gildi nokkru síðar en viðkomandi umsókn var send iðnaðarráðherra 27. janúar 2006. Svára þarf þeirri spurningu hvort ákvæði fyrri laga gildi í ljósi þess að umsókn er dagsett áður en breytingarnar taka gildi. Ef svo er má enn spyrja hvort iðnaðarráðherra vilji nýta sér heimild til að veita forgang að nýtingarleyfi í ljósi þess að Alþingi hefur afnumið heimildina. Í öðru lagi verður að svara því hvort það geti talist eðlilegt að ráðherra veiti í raun ótilgreindum aðila rannsóknarleyfi og hugsanlega fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi, sbr. einnig 1. tl. 18. gr. laganna. Orkustofnun hefur yfirfarið áætlun umsækjanda, bæði hvað varðar tilgang og rannsóknir og byggir eftirfarandi umsögn á þeim. Farið er yfir töluliði 18. gr. laga nr. 57/1998 eftir því sem við á um rannsóknarleyfi.

1. Orkustofnun hefur ekki undir höndum samþykktir Landeigendafélags Reykjahlíðar ehf.
2. Tímalengd verður að meta með hliðsjón af markmiði með umbeðnu leyfi, sem er rannsóknir til undirbúnings nýtingar. Í umsókninni er rannsóknaráætlun bæði lýst í orðum og með myndrænu tímaplani. Áætlun um það hvernig einn rannsóknarliður tekur við af öðrum er eðlileg og lýsir hefðbundinni leit að líklegu vinnslusvæði þar sem áætlað er að hefja rannsóknarboranir á 5. ári frá útgáfu leyfis. Á áttunda ári er talið að næg þekking liggi fyrir til að taka ákvörðun um virkjun. Það má færa rök fyrir því að stytta tímenn í ljósi þess að aðrir aðilar hafa nú þegar gert nokkrar rannsóknir á svæðinu. Niðurstöður sem ríkið hefur aflað eru öllum opnar, en semja þarf við aðra aðila um aðgang að þeirra upplýsingum. Ennfremur er tíminn sem áætlaður er til rannsóknaborana líklega nokkuð rúmur. Á móti því vegur að oft er umþóttunartími á milli stórra ákvarðana í þessu undirbúningsferli frekar knappur, einkum varðandi þátt umhverfismála. Orkustofnun bendir á að um allt vatnasvið

Mývatns gilda sérstakar reglur, og því mun leyfishafi þurfa að fara með sérstakri gát við meðhöndlun affallsvatns frá borunum sem þarf að hleypa niður, en einkum þó síðar þegar að vinnslu kemur. Vart er að treysta á fyrirliggjandi grunnvatnslíkan nema að hafa áður staðfest nákvæmni þess á þessu svæði með borunum, því að lítið er á yfirborðsvatni að græða á þessum slóðum.

3. Staðarmörk rannsóknarsvæðis eru afmörkuð með hnitum sem eru lesin af kortum Danska herforingjaráðsins í mælikv. 1:100.000. Svæðið er vel rúmt og ætti að fullnægja þörfum fyrri hluta rannsóknanna. Rannsóknarboranir þurfa að fara í gegnum feril ákvarðana skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, þar sem leyfishafi (framkvæmdaaðili) mun þurfa að afmarka athafnasvæði sitt að nýju innan rannsóknarsvæðisins. Ef til þess kemur að iðnaðarráðherra nýti heimild til að veita forgang að nýtingarleyfi, er ljóst að leyfishafi verður að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum af áformaðri nýtingu áður en hann getur fengið nýtingarleyfi.

4. Umsóknin varðar leit að nýtanlegum jarðhita (háhita), sem með hliðsjón af staðsetningu yrði væntanlega nýttur til raforkuframleiðslu.

6. Leyfi þarf að kveða á um skilaskyldu á rannsóknarskýrslum og rannsóknargögnum í samræmi við leiðbeiningar þar að lútandi.

9. Kveða þarf á um eftirlit með framkvæmd rannsóknarleyfis og kostnað af eftirliti.

10. Tilgreina skal greiðslu leyfisgjalds.

Önnur ákvæði 18. gr. eiga frekar við um nýtingarleyfi, eða framkvæmdir sem eru einnig háðar meðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

**Niðurstaða:** Ráðuneytið sem leyfisveitandi þarf að taka afstöðu til þess hvort: 1) nýta eigi heimild til að veita forgang að nýtingarleyfi, og 2) hvort lagaskilyrði eru til að veita umsækjanda heimild til að framselja leyfin til óstofnaðs félags hans og ótilgreinds samstarfsaðila. Ef svar við 1. lið er neikvætt, er ljóst að umsækjandi þarf ekki leyfi iðnaðarráðherra til rannsókna, nema til að koma í veg fyrir að öðrum aðila verði veitt leyfi fyrir sama svæði. Ef svar við 2. lið er einnig neikvætt, eru varla skilyrði til að afgreiða umsóknina.

Rannsóknaráætlun er að mestu leyti fullnægjandi. Helstu athugasemdir varða grunnvatnarrannsóknir sem gera þarf betri skil. Tími sem ætlaður er til rannsókna er nokkuð rúmur og hann mætti nýta betur. Átta ár ættu að nægja bæði til rannsókna og þess sem til viðbótar þarf til að nýta forgang að nýtingarleyfi, kjósi ráðherra að nýta heimild til að veita hann. Ef ekki verður veittur umbeðinn forgangur að nýtingarleyfi telur Orkustofnun að á 7 árum gefist nægur tími til þeirra rannsókna sem þarf til að undirbúa umsókn um nýtingarleyfi.

Virðingarfyllst

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáradóttir

